

Tillaga til 492. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 17. mars 2022

Tillaga frá 1191. fundi bæjarráðs, sem fram fór 14. mars 2022, um að bæjarstjórn samþykki uppfærða umsókn Háskólaþess Vestfjarða, f.h. óstofnaðrar húsnæðissjálfsseignarstofnunar um byggingu nemendagarða á Ísafirði, en um er að ræða samþykki um að veita 12% stofnframlag til byggingar nemendagarða Háskólaþess Vestfjarða, að fjárhæð kr. 93.897.600.

Jafnframt leggur bæjarráð til við bæjarstjórn að samþykkja viðauka 3 við fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar 2022 vegna málsins, en áhrif á samantekinn A og B hluta er auknar tekjur kr. 20.320.146,- eða hækkun rekstrarafgangs úr kr. 47.800.000 í kr. 68.120.146,-

2. Húsnæðismál háskólanemenda - stofnframlag og lóðavilyrði - 2021050072

Á 1187. fundi bæjarráðs, þann 14. febrúar 2022, var lögð fram umsókn Peter Weiss, f.h. óstofnaðrar húsnæðissjálfsseignarstofnunar (Nemendagarða Háskólaþess Vestfjarða), dags. 10. febrúar 2022, um 12% stofnframlag Ísafjarðarbæjar vegna byggingar 40 íbúða nemendagarða. Jafnframt var lagt fram minnisblað Axels R. Överby, sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs, og Eddu Maríu Hagalín, fjármálastjóra, dags. 11. febrúar 2022, vegna málsins. Þá er lagður fram til samþykktar viðauki 3 við fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar vegna málsins.

Bæjarráð lagði til við bæjarstjórn að samþykkja veitingu stofnframlags til óstofnaðrar hses. (Nemendagarða Háskólaþess Vestfjarða), að fjárhæð kr. 73.989.600. Bæjarráð leggur jafnframt til við bæjarstjórn að samþykkja viðauka nr. 3 við fjárhagsáætlun 2022, en áhrif viðaukans á rekstrarniðurstöðu samstæðu Ísafjarðarbæjar er auknar tekjur um kr. 14.899.715.

Á 490. fundi bæjarstjórnar, þann 16. febrúar 2022, var samþykkt að fresta málinu, enda lá þá fyrir að von væri á uppfærðum tölum.

Er nú lagt fram erindi Peters Weiss, forstöðumanns Háskólaþess Vestfjarða, dagsett 8. mars 2022, vegna skýringa á uppfærðum tölugögnum vegna umsóknar óstofnaðrar hses. um byggingu nemendagarða háskólaþess, dags. 10. febrúar 2022.

Jafnframt lagt fram minnisblað Axels R. Överby, sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs, dags. 4. mars 2022, vegna málsins, svo og lagður fram uppfærður viðauki nr. 3 við fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar 2022, vegna uppfærslu talna frá Háskólaþess.

Áhrif viðaukans á rekstrarniðurstöðu samstæðu Ísafjarðarbæjar er auknar tekjur um kr. 20.320.146,-

Áhrif viðaukans á sveitasjóð A hluta eru auknar tekjur kr. 20.320.146,- og er því rekstrarhalli að lækka úr 332.516.189 í kr. 312.196.043,-.

Áhrif viðaukans á samantekinn A og B hluta er auknar tekjur kr. 20.320.146,- eða hækkun rekstrarafgangs úr kr. 47.800.000 í kr. 68.120.146,-

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja uppfærða umsókn Háskólaþess Vestfjarða, f.h. óstofnaðrar húsnæðissjálfsseignarstofnunar um byggingu nemendagarða á Ísafirði.

Jafnframt leggur bæjarráð til við bæjarstjórn að samþykkja viðauka 3 við fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar 2022 vegna málsins.